

Alþingi
Erindi nr. P 131/208
komudagur 26.11.2004

Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



24. nóvember 2004


Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).
Þingsályktun um rekstur skólaskips.
Þskj. 29 - Mál nr. 29.

LS tekur heilshugar undir efni þingsályktunarinnar og mælir með að hún verði samþykkt. Rekstur skólaskips í því formi sem verið hefur er nauðsynleg tenging sjávarútvegsins við grunnskólann og með miklum ólíkindum að ef ekkert verður að gert muni verkefnið heyra sögunni til.

Þeir þættir sem grunnskólanemendum í 9. og 10. bekk hefur verið boðið upp á um borð í rannsóknarskipinu Dröfn RE hafa notið mikilla vinsælda. Nemendur fá þar nauðsynlega innsýn í sjávarútveginn, fiskveiðar og lífið í sjónum. Þannig fræðast þeir um það sem gerist á sjónum sem vekur hjá þeim margar spurningar. Úrvinnsla ferðarinnar fer svo fram í skólanum þar sem verkefnum er skilað. Við vinnslu þess jafnvel leitað í sjóði foreldra til að fá svör við því sem gerist áleitið. Þannig vakna umræður á heimilinu um sjávarútveginn sem nauðsynlegt er hjá þjóð sem á allt sitt undir öflugum sjávarútvegi.

Þá er það og skemmtilegt í þessari fræðsluferð að nemendur fá að eiga það sem aflast. Aflinn er þá ýmist borinn heim og snæddur að kveldi eða hann boðinn til sölu í næstu fiskbúð eins og undirritaður hefur orðið vitni að.

Virðingarfyllt


Örn Pálsson framkvæmdastjóri